

REGLUR

um bráðabirgðaskráningu skipa sem eru í smíðum eða eru ófullgerð að öðru leyti.

1. gr.

Siglingastofnun Íslands heldur sérstaka skrá yfir skip sem eru í smíðum eða eru ófullgerð að öðru leyti.

2. gr.

Skip skv. 1. gr. verða einungis skráð samkvæmt beiðni eiganda skipsins, skipasmíðar eða skipasmíðastöðvar. Óski eigandi skips skv. 1. gr. eftir skráningu ber honum að leggja fram yfirlýsingu frá skipasmíðnum eða skipasmíðastöðinni um samþykki fyrir skráningunni. Á sama hátt ber skipasmíðnum eða skipasmíðastöðinni að leggja fram skriflegt samþykki eiganda (kaupanda) skipsins fyrir skráningunni.

Skip verður ekki skráð nema fyrir liggja yfirlýsing Siglingastofnunar Íslands um að skip sé komið svo langt á veg að hægt sé á tryggilegan hátt að sérgreina skipið. Þó verða skip skv. 1. gr. ekki skráð nema að lokið hafi verið við byrðing, búið að bandsetja eða skipið komið á sambærilegt byggingarstig.

Þá verður skip ekki skráð nema að það sé skráningarskylt skv. 1. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum.

3. gr.

Í skránni skal greina um hvert skip:

1. Fyrirhugað nafn og heimahöfn.
2. Smíðaár.
3. Smíðastað.
4. Gerð skipsins.
5. Fullt nafn og heimilisfang eigenda skipsins. Ef skip er í eign félags eða stofnunar skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.

4. gr.

Þegar skipið er skráð á aðalskipaskrá skal aflétta bráðabirgðaskráningunni.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 og öðlast þegar gildi.

Siglingastofnun Íslands, 25. janúar 2002.

Hermann Guðjónsson.